

ÍSLENSKA
ENGLISH

Reykjavík 20. október 2025

Kæri nemandi.

Í haust verður Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) lögð fyrir framhaldsskólanemendur um allt land. Menntavísindasvið Háskóla Íslands framkvæmir rannsóknina fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið.

Tilgangur könnunarinnar er að safna gögnum um sýn framhaldsskólanemenda á ýmsa þætti sem snúa að velferð þeirra eins og skólastarfi, íþrótt- og tómstundaiðkun, heilbrigði og líðan. Niðurstöður könnunar eru eftir úrvinnslu birtar í landsskýrslu á vefsíðu rannsóknarinnar iae.is.

Niðurstöður eru ópersónugreinanlegar. Þátttaka er valkvæð og getur þú eða foreldrar/forsjáraðilar nemenda undir 18 ára aldri hafnað þátttöku. Nemendum sem taka þátt er einnig frjálst að sleppa spurningum sem þeir vilja ekki svara og hætta þátttöku hvenær sem er í fyrirlögn.

Við hvetjum þig þó til að taka þátt þar sem niðurstöður gefa stjórnvöldum mikilvægar vísbendingar um velferð ungs fólks og hvaða stuðning er mikilvægt að veita ungu fólki og fjölskyldum þeirra.

Könnunin verður lögð fyrir á rafrænu formi.

Með góðri kveðju,
Gunnhildur Steinarsdóttir,
Verkefnisstjóri,
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

ÍSLENSKA
ENGLISH

Reykjavík, 20 October 2025

Dear Student,

This autumn, the Icelandic Youth Survey will be submitted to secondary school students across the country. The survey is conducted by the University of Iceland School of Education on behalf of the Ministry of Education and Children.

The purpose of the survey is to collect data on secondary school students' perspectives on various factors regarding their welfare, such as schooling, sports and leisure activities, health and well-being. The final results of the survey will be published in a nation-wide report on the survey website iae.is.

Results are non-personally identifiable. Participation is optional and you and/or parents or guardians of students under 18 years of age may refuse to take part. Participating students are also free to skip questions they do not want to answer and are allowed to quit the survey at any time.

We do encourage you to participate, however, as the results provide important indicators about the well-being of young people and the kinds of support they and their families may need.

The survey is submitted electronically.

Best regards,
Gunnhildur Steinarsdóttir,
Project Manager,
University of Iceland School of Education.